

FUNDARGERÐ

299. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 29. apríl 2026 og hófst kl. 15:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Stefán Jón Hafstein, Ingvar Smári Birgisson, Eiríkur S. Svavarsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Auður Finnbogadóttir, Heimir Már Pétursson og Kristín Sóley Björnsdóttir. Silja Dögg Gunnarsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Valgeir Vilhjálmsson og var með kynningu í tengslum við dagskrárlíðinn stefnumótun RÚV.

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir nr. 297 og 298 voru lagðar fram og samþykktar.

2. Starfsáætlun og starfsreglur stjórnar

a. Starfsáætlun stjórnar

Starfsáætlun stjórnar var uppfærð og var samþykkt.

b. Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar voru lagðar fram óbreyttar og voru samþykktar.

3. Fjármál

a. Verkefni

Fjármálastjóri upplýsti um að afkoma félagsins á fyrsta ársfjórðungi hafi batnað milli ára en sé undir áætlun það sem af sé ári einkum vegna hærri verðbólgu. Sjóðstaðan hafi verið sterk í upphafi ársins en muni fara lækkandi næstu mánuði í samræmi við áætlun. Enn fremur fór fjármálastjóri yfir ýmis rekstrartengd málefni s.s. breytt fyrirkomulag á launavinnslu og ferðamálum auk breytinga sem verða á leigusamningi við Reykjavíkurborg en hluti starfsemi þeirra í Efstaleiti færast annað um miðjan maí. Þá var farið yfir að undirbúningur rekstraráætlunar næsta árs hefjist í maí en meginþungi vinnunnar sé í haust.

b. Uppgjör

Afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 8 m.kr. í mars. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam tap á rekstri félagsins um 84 m.kr. sem sé 40 m.kr. lakari afkoma en reiknað var með. Frávikið skýrist aðallega af 27 m.kr. fráviki í fjármagnsliðum en verðbætur voru talsvert umfram áætlun. Þá voru tekjur undir áætlun en hluti tekna sem voru áætlaðar í mars verða tekjufærðar í apríl/maí.

Á fyrsta ársfjórðungi var afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir jákvæð um tæplega 109 m.kr. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam tap á rekstri félagsins 120 m.kr. sem sé 36 m.kr. lakari afkoma en áætlað var. Skýrist frávikið fyrst og fremst af fráviki í fjármagnsliðum. Tekjur á fyrsta ársfjórðungi námu 2.422 m.kr. og voru 21 m.kr. umfram áætlun eða tæplega 1%. Auglýsingatekjur nema tæplega 660 m.kr. á tímabilinu og þá nema aðrar tekjur ríflega 78 m.kr. og séu nánast á pari við áætlun. Eftir á að tekjufæra um 11 m.kr. sem áætlað var fyrir í mars en koma inn í apríl/maí. Útgjöld deilda námu samanlagt 2.313 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi og voru um 25 m.kr. umfram áætlun eða ríflega 1%. Frávikið er að hluta til vegna launakostnaðar sem hefur verið umfram áætlun en afleysingar vegna langtímaveikinda skýra að hluta til þá þróun. Af einstökum deildum er frávikið mest hjá fréttastofu, sjónvarpinu og íþróttadeild (fleiri leikir Íslands í EM í handbolta) en frávik flestra annarra deilda séu óveruleg hvort sem er í krónum talið eða hlutfallslega og gengið út frá því að hægt verði að jafna þeim út þegar líður á árið. Áætlað sé að afskriftir tímabilsins séu um 109 m.kr. og í takt við áætlun.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "DAR" and "SMT".

Þyngst vegi í rekstri félagsins á fyrsta ársfjórðungi að fjármagnsliðir námu 120 m.kr. og voru 31 m.kr. umfram áætlun. Þar vegist á annars vegar umtalsvert hærrí verðbætur á fyrsta ársfjórðungi en gert var ráð fyrir og hins vegar 24 m.kr. gengishagnaður í janúar og febrúar. Verðbólga það sem af sé ári sé meira en einu prósentustigi hærrí en gert var ráð fyrir þegar rekstraráætlun ársins var samþykkt í nóvember. Á þeim tíma var verðbólga um 4% og gerðu spár ráð fyrir því að verðbólgan yrði að meðaltali í kringum 3,5% á árinu 2026 en hafi verið yfir 5% það sem af er ári sem hefur bein áhrif á gjaldfærslu verðbóta. Haldist þessi verðlagsþróun út árið verði verðbætur 35-50 m.kr. umfram áætlun. Stjórnendur vinna að mati á því að hvaða marki innbyggt svigrúm í áætluninni, þ.m.t. í fjármagnsliðum, dugi til að veða á móti auknum verðbótum og að hvaða marki þurfi að aðlaga reksturinn innan ársins til að tryggja jákvæða afkomu á árinu.

Þá fór fjármálastjóri yfir að velta félagsins dróst saman milli ára á föstu verðlagi. Þannig séu tekjur 3% lægri samanborið við sama tímabil í fyrra en útgjöldin eru tæplega 8% lægri.

Að lokinni yfirferð um rekstrarniðurstöðu 1. ársfjórðungs ræddu stjórnarmenn um þá neikvæðu þróun sem orðið hafi í rekstri ársfjórðungsins og þau viðbrögð sem félagið gæti gripið til m.a. í ljósi þess að verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar miða við mun lægri verðbólgu (4%) en raunin verði á árinu 2026 en þessi liður einn og sér myndi tæplega 50 mkr. aukin útgjöld árið 2026 að óbreyttu. Stjórn mun fylgjast náið með þróun fjárhagsáætlunar á 2. ársfjórðungi og stjórnendur hafi tjáð stjórn að þeir muni grípa til viðeigandi aðgerða í tíma og leita allra þeirra leiða sem tækar séu í viðleitni sinni til að tryggja að félagið gæti jafnvægis milli tekna sinna og gjalda á árinu 2026 í samræmi við þau markmið sem stjórn setti sér við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2026. Stjórn mun fylgja því markvisst eftir. Hluti stjórnar taldi rétt að láta reyna á aðgerðir stjórnenda sem þeir komu á framfæri á fundinum.

c. Rekstrarlegar upplýsingar

Sjóðstaðan var jákvæð um nálægt 380 m.kr. í lok mars. Það er nokkurn veginn í takt við áætlun sem gerði ráð fyrir aukningu í upphafi ársins sem taki svo að lækka í vor og sumar. Innkaupaáætlun á dagskrárefni í sjónvarpi nemur 1,1-1,2 ma.kr. fyrir árið 2026. Mestur þungi í útgreiðslum verði að óbreyttu í apríl-júlí. Fjárfestingar séu áætlaðar 500 m.kr. á árinu en þar af nemi útgreiðslur 405 m.kr. á móti 95 m.kr. í eignfærslu launa.

4. Stefnunótunarvinna fyrir RÚV

Með vísan í stjórnarfund RÚV sem haldinn var 25. mars sl. þar sem stjórn samþykkti tillögu að tímalínu og vinnufyrirkomulag stefnunotarinnar. Skrifstofustjóri fór yfir nánari útlistun á verkefnum fram undan. Útvarpsstjóri hafi skipað stýrihóp til halda utan um verkefnið og hlutverk hópsins sé að leiða verkefnið áfram og fylgja tímalínu. Jafnframt að safna saman upplýsingum sem nauðsynlegt sé að skoða í ferlinu, ekki síst rannsóknnum, skýrslum og öðrum gögnum sem liggja fyrir, eða verða unnar við stefnunótunina. Stýrihópurinn mun kafa dýpra við úrvinnsluna og stilla upp áætlun um aðgerðir í innleiðingu stefnunnar.

Til þess að styrkja fagleg vinnubrögð við stefnunótunarvinnuna og skapa fjarlægð á milli RÚV og þeirra einstaklinga sem rætt er einslega við mun RÚV leita til utanaðkomandi ráðgjafar. Ráðgjafinn mun taka viðtöl við stjórn og lykilstarfsfólk og vinna greiningu úr þeim. Jafnframt að vera stýrihópnum innan handar í tengslum við frumgreiningu gagna, mótun spurninga og utanumhald um vinnustofur með starfsfólki og stjórn.

Valgeir Vilhjálmsson markaðsrannsóknarstjóri fór yfir samantekt að beiðni stjórnarformanns um áhorf og hlustun árin 2021-2026 og með sérstaka áherslu á aldurinn 18-30 ára

Stjóri
DA2
EVS
SVA

Í lokin fór stjórnarformaður yfir stöðu mála í tengslum við samþykkt stjórnar um sjálfstæða úttekt um ritstjórnarleg ferli og gæðamál innan hópa dagskrárgerðar- og fréttamanna Ríkisútvarpsins. Hann hafi átt fund í vikunni með skrifstofustjóra og mannauðsstjóra í tengslum við undirbúning úttektarinnar og stjórninni yrði haldið upplýstri um stöðu mála.

5. Minnispunktar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir norrænum útvarpsstjórafundum sem haldinn var í Stokkhólmi fyrr í mánuðinum. Þar voru ýmis sameiginleg verkefni rædd og þar á meðal aukið samstarf á sviði öryggismála, en unnið sé að gerð samstarfssamning um viðbrögð og gagnkvæma aðstoð þegar alvarlegir atburðir verða.

Útvarpsstjóri fór yfir framkvæmd þjónustusamnings RÚV og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra sem undirritaður var 2024 og gildir í fjögur ár. Í samningnum sé áhersla lögð á íslenska tungu, miðlun á eldra efni, þjónustu við börn og ungmenni og aðgengi allra að miðlum RÚV sem og þjónustu við alla landsmenn og aukið umfang starfsemi RÚV á landsbyggðinni. Fylgst sé með framkvæmd þjónustusamningsins á reglubundnum fundum með ráðuneytinu og sé yfirlit yfir stöðu mála samkvæmt þjónustusamningnum uppfært reglulega.

Farið var yfir stöðu mála í tengslum við upplýsingaöryggisvottun samkvæmt ISO 27001, en RÚV fékk slíka vottun árið 2024 sem staðfest var á ný fyrr í mánuðinum. Jafnframt fór útvarpsstjóri yfir starf öryggisnefndar sem sinnir vinnuverndarmálum, sem unnið hefur áhættumat fyrir nær alla þætti í starfsemi RÚV.

Útvarpsstjóri fór yfir fyrirkomulag umfjöllunar RÚV fyrir sveitarstjórnarkosningar sem haldnar verða í maí. Fjölbreytt umfjöllun verður í öllum miðlum RÚV, þar á meðal oddvitaumræður í útvarpi og sjónvarpi í 20 stærstu sveitarfélögum landsins auk Grindavíkur og fjölbreytt málefnaumfjöllun í bæði útvarpi og sjónvarpi og vef. Kosningapróf verði á vef RÚV og sérstakur kosningavefur þar sem haldið sé utan um alla kosningaumfjöllun á einum stað. Kosningavaka verði að kvöldi kjördags og greining úrslita í sérstökum Silfursþætti að kvöldi sunnudagsins 17. apríl.

Loks gerði útvarpsstjóri grein fyrir nýlegum úrskurði siðanefndar BÍ, þar sem kvartað hafði verið undan umfjöllun RÚV um staðfestingu heilbrigðisráðuneytisins á ákvörðun landlæknis um sviptingu læknaleyfis. Niðurstaða siðanefndar var að RÚV hefði ekki brotið siðareglur með umræddri umfjöllun.

Þá var stjórn upplýst um að dreifingarsamningi við Sýn hefði verið sagt upp í byrjun þessa mánaðar og að lokum upplýsti útvarpsstjóri stjórn um undirbúning umfjöllunar í tengslum við væntanlegan almyrka á sólu 12. ágúst nk.

6. Umfjöllun RÚV um þjóðaratkvæðagreiðslu

Útvarpsstjóri upplýsti að þegar væri farið að huga að undirbúningi umfjöllunar vegna mögulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu í lok ágúst. Vegna komandi sveitarstjórnarkosninga væri fókusinn á umfjöllun um atriði sem tengdust þeim kosningum auk þess sem formleg ákvörðun hefði ekki verið tekin um væntanlega atkvæðagreiðslu. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag umfjöllunar lægi því ekki fyrir á þessum tímapunkti.

7. Önnur mál

Ákveðið var að hafa síðasta stjórnarfund fyrir sumarleyfi mánudaginn 22. júní kl. 15.

Spurt var um fyrirkomulag útsendinga vegna HM í knattspyrnu næsta sumar. Útvarpsstjóri upplýsti að keppninni yrði bæði gerð skil á RÚV og RÚV2 og í fáeinum tilvikum yrði sjónvarpsfréttum hnikað til vegna stórra leikja. Unnið væri að nánari skipulagningu og dagskrársetningu um þessar mundir.



Fundi slitið.

Siltu Annadur Løega

~~Silur~~

~~Eirkur S. S. S.~~

Silja Dög Gunnarsdóttir
Christine Gunnarsdóttir